

Móttækið með tölvupósti 9. nóvember 2023

Kæra Allsherjar og mennatmálanefnd.

Ein af helstu rökum fyrir heiðurslaunum listamann er sú að vel flestir listamenn eru með mjög óreglulegar tekjur og vegna þess hafa margir ekki greitt reglulega í lífeyrissjóði og hafa því úr afar litlu að spila á efri árum.

Það er hreinlega ekki rétt að þeim sé skapaður lífeyrir sem þeir geta lifað af án þess að eiga neinn séreignasparnað eða hafa borgað í lífeyrissjóð. smbr....

Lengi vel var litið á heiðurslaun listamanna sem eins konar ellilífeyri sem átti að tryggja eldri listamönnum fjárhagslegt öryggi á efri árum. Slik sjónarmið eiga þó ekki við í dag þar sem almannatryggingakerfið tryggir listamönnum jafnt sem öðrum ellilífeyri.

Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við nokkrar setningar í greinargerðinni t.a.m. ...enda eru heiðurslaunabegar yfirleitt komnir á eftirlaunaaldur og oft hættir allri listsköpun....

Ekki er hægt að gera að því skóna að flestir séu hættir listsköpun því fæstir hætta því nokkru sinni, meðan þeim endist heilsa.

En aðal ástæða þessara heiðurslauna hlýtur að vera óreglulegar tekjur listamanna upp til hópa, og slæm staða eftirlaunakerfis þeirra.

kkv.

--

Sigtryggur Baldursson
Managing director

